

- 5 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Afmælistjóðs Eiðaskóla, útgefin á venju-
15. jan. legan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 15. janúar 1960.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Afmælistjóðs Eiðaskóla.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Afmælistjóður Eiðaskóla.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður í tilefni af 75 ára afmæli Eiðaskóla 1958 með gjöf frá nemendum Eiðaskóla 1939 til minningar um skólastjórana, séra Jakob Kristinsson og Þórarinn Þórarinsson.

Stofnfé sjóðsins eru kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur —, sem aldrei má skerða.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að glæða áhuga nemenda skólans fyrir íslenskum fræðum og skal verja $\frac{1}{2}$ ársvaxta til að verðlauna þá nemendur, er bezta einkunn fá í íslenskri bókmenntasögu annað árið en Íslandssögu hitt árið við burtfararpróf úr eldri deild skólans eða þeirrar deildar, er svarar til hennar.

4. gr.

Skólastjóri og kennarar í íslenskum fræðum við skólann ákveða hverjum skuli veitt verðlaun úr sjóðnum.

5. gr.

Leggja skal $\frac{1}{2}$ ársvexti við höfuðstólinn, svo og gjafir, er sjóðnum kunna að berast. Veita má verðlaun fleirum en einum nemanda ef ástæða þykir til.

6. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands og skal birta reikninga sjóðsins í skólaskýrslu Eiðaskóla.

7. gr.

Leita skal lögleggar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 19. desember 1959.

Í umboði gefenda:

Þórarinn Þórarinsson. Jakob Kristinsson.